

Fræðslutækifæri trúnaðarmanna



SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Haustönn 2021

www.sameyki.is

Fræðslutækifæri trúnaðarmanna

Á haustönn bjóðast þér ýmis tækifæri til að bæta við þig reynslu og þekkingu í starfi þínu sem trúnaðarmaður, fjölbreytt fræðsla og mörg spennandi námskeið eru í boði eins og fram kemur í þessum bæklingi. Þar á meðal er trúnaðarmannanám Félagsmálaskóla alþýðu (FA) sem er skipt upp í sex hluta, hver hluti er tveggja daga langur. Námskeiðin eru sett upp með blöndu af vefnámi og staðnámi. Þá eru einnig í boði ýmis styttri námskeið sem eru í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt.

Gott er að þú ræðir við yfirmann og/eða mannauðsstjóra á vinnustað til að skapa svigrúm fyrir þig til að sækja fræðslu sem styður við hlutverk trúnaðarmanns. Trúnaðarmenn eiga rétt á að vera frá vinnu vegna starfa sem trúnaðarmaður en flestir stjórnendur taka vel í beiðni um leyfi vegna fræðslu ef það er skipulagt með góðum fyrirvara.

Trúnaðarmaður er kjörinn af samstarfsmönnum og er hann því umboðsmaður þeirra gagnvart atvinnurekanda og stéttarfélagi. Hann hefur skyldum að gegna gagnvart öllum þessum aðilum.

Hlutverk trúnaðarmanna er margþætt og hefur verið að þróast og aukast í gegnum árin. Trúnaðarmaður á að hafa vakandi auga með því að staðið sé við kjarasamninga á vinnustaðnum og að á engan hátt sé brotið á réttindum starfsmanna. Hann er tengiliður milli vinnustaðar og stéttarfélags og vinnur að lausnum þeirra ágreiningsmála sem upp koma á vinnustað.

Á topp 10 listanum yfir færniþætti framtíðar sem skipta mestu máli á vinnumarkaði fyrir árið 2025 samkvæmt Alþjóðaeftahagsstofnuninni ([World Economic Forum](https://www.weforum.org/)) má finna áherslu á lausnamiðaða nálgun, greiningarhæfni, gagnrýna hugsun, sköpun og frumkvæði, forystu og félagsleg áhrif, seiglu og lausn vandamála. Í hlutverki trúnaðarmanna gefst tækifæri til að þroska þessa hæfni með því að sækja fræðslu og takast á við mál sem koma inn á borð trúnaðarmanna. [Hér má nálgast þýðingu SA á topp 10 listanum.](https://sa.is/media/27122/gatlistinn4topp10menntadagurinn2021.pdf)

(<https://sa.is/media/27122/gatlistinn4topp10menntadagurinn2021.pdf>)

Ferðir og gisting

Trúnaðarmönnum utan af landi stendur til boða að fá greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt [reglum sem má nálgast hér](https://www.sameyki.is/um-sameyki/trunadarmenn/ferdakostnadur/) (<https://www.sameyki.is/um-sameyki/trunadarmenn/ferdakostnadur/>). Nauðsynlegt er að félaginu berist beiðni um gistingu með að minnst kosti 4 daga fyrirvara í ferðamannaborginni Reykjavík.

Upphaf kjörtímabils trúnaðarmanns

Það getur verið þess virði að taka sér tíma í að spá í hvaða hæfni/færni þú vilt bæta við þig núna á haustönn til að styðja við hlutverkið sem þú hefur verið kjörinn til. Gott er að átta sig á tímasetningum funda og hvernig dagsetningar fræðslu spila þar saman.

Sem dæmi þá er ekki er ætlast til þess að trúnaðarmaður klári alla sex hluta trúnaðarmannanáms Félagsmálaskóla alþýðu á einu ári, heldur hugmyndin að hann velji það sem hentar honum bæði út frá tíma og færnipörfum.

Hér er autt pláss fyrir þig til að punkta hjá þér hvað þú vilt setja í forgang á þessari haustönn. Gangi þér vel 😊.

Haustönn 2021 - dagsetningar fræðslu og funda

Trúnaðarmannafundir eru fyrir alla trúnaðarmenn Sameykis. Ef trúnaðarmaður kemst ekki, boðar hann varatrúnaðarmann. Athugið að nauðsynlegt er að skrá sig á námskeiðin, sjá nánar á bls. 4.

Haustönn 2021

- Fim. 09.09 Nýliðafræðsla trúnaðarmanna, staðnám G89, kl. 9-11.
- Þri. 14.09 Nýliðafræðsla trúnaðarmanna, staðnám G89, kl. 10-12.
- Þri. 14.09 **Trúnaðarmannaráðsfundur**. Gullhamrar kl. 13:15.
- Mið. 15.09 Trm.nám, **1. hluti** - Þjóðfélagið og vinnum., vefnám kl. 9-14:30, og
fös. 24.09 trm.nám, **1. hluti** - Trúnaðarmaður, starf og staða, staðnám G89, kl. 9-15:45.
- Þri. 21.09 Nýliðafræðsla trúnaðarmanna, vefnám kl. 13-15.
- Mán. 27.09 Nýliðafræðsla trúnaðarmanna, vefnám kl. 9-11.
- Þri. 05.10 Jákvæð og skapandi vinnustaðamenning, vefnám kl. 9-12.
- Mán. 11.10 Trm.nám, **2. hluti** - Samskipti á vinnustað og staðnám, G89, og
þri. 12.10 Trm.nám, **2. hluti** - Starfsemi félagsins, staðnám, G89, kl. 9-15:45.
- Mið. 13.10 Gagnrýnin hugsun og siðferðisleg álitamál, vefnám kl. 9-12.
- Mið. 13.10 **Fulltrúaráðsfundur**. Grettisgata 89 kl. 13:15.
- Fim. 21.10 Öryggi í hlutverki trúnaðarmanna, staðnám G89, kl. 13-16.
- Mið. 27.10 Tími með sérfræðingum á kjaradeild, staðnám G89, kl. 14-16.
- Mán. 01.11 Trm.nám, **3. hluti** - Lestur launaseðla, vefnám kl. 9-14:30, og
þri. 02.11 trm.nám, **3. hluti** - Almannatryggingar og lífeyrissj., vefnám kl. 9-14:30.
- Fim. 11.11 Krefjandi samskipti/aðstæður – vinnustofa, staðnám kl. 9:15-12:15.
- Fim. 11.11 **Fulltrúaráðsfundur**. Grettisgata 89 kl. 13:15
- Mán. 15.11 Trm.nám, **4. hluti** - Túlkun talna og hagfræði, vefnám kl. 9-14:30, og
þri. 16.11 trm.nám, **4. hluti** - Vinnuréttur, vefnám kl. 9-14:30.
- Mán. 22.11 Trm.nám, **1. hluti** - Þjóðfélagið og vinnum, vefnám kl. 9-14:30, og
mán. 29.11 trm.nám, **1. hluti** - Trúnaðarmaður, starf og staða, staðnám, G89 kl. 9-15:45.
- Mið. 24.11 Trm.nám, **5. hluti** - Vinnueftirlit-vinnuvernd, vefnám kl. 9-14:30, og
fim. 25.11 trm.nám, **5. hluti** - Sjálfstyrking, vefnám kl. 9-14:30.
- Þri. 30.11 Launamyndunarkerfi, staðnám, G89, kl. 10-12.
- Mán. 06.12 Trm.nám, **6. hluti** - Samningatækni, staðnám, G89, kl. 9-15:45.
þri. 07.12 trm.nám, **6. hluti** - Að koma máli sínu á framfæri, staðnám, G89, kl. 9-15:45.
- Fim. 09.12 **Trúnaðarmannaráðsfundur**. Gullhamrar kl. 13:15.

Minnum á fésbókarsíðu trúnaðarmanna Sameykis

Síðan heitir Trúnaðar - og fulltrúaráð Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu. Óskaðu eftir aðgangi að henni ef þú ert ekki þegar búinn að því og fylgstu með.

Skráning á námskeið

Skráningar fara fram á vef Félagsmálaskóla alþýðu og vef Fræðslusetursins Starfsmenntar en skráningagátt á námskeið trúnaðarmanna má finna hér:

www.sameyki.is/um-sameyki/trunadarmenn/trunadarmannafraedsla/

Nýliðafraðsla trúnaðarmanna

Hægt er að velja á milli þriggja mismunandi tímasetninga:

- **Fimmtudagur 9. september kl. 13 – 15, staðnám, Grettisgötu 89, 1. hæð**
- **Þriðjudagur 14. september kl. 10 – 12, staðnám, Grettisgötu 89, 1. hæð**
- **Mánudagur 27. september kl. 9 – 11, vefnám.**

Farið yfir uppbyggingu vinnumarkaðarins, hlutverk og þjónustu Sameykis, ákvæði í lögum um trúnaðarmanninn, ábyrgð og skyldur kjörinna fulltrúa ásamt umfjöllun um jafnréttishugtakið og jafnréttishugsun.

Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:

- Þekki vel félagið sitt og viti hvar er hægt að finna upplýsingar um kjara- og réttindamál.
- Viti í hvaða lögum og reglum er fjallað um hlutverk hans og þekki ákvæði um vernd.
- Sé meðvitaður um ábyrgð sína og skyldur sem kjörinn fulltrúi.
- Kunni að setja upp jafnréttisglæraugun við ákvarðanatöku og stefnumótun.

Leiðbeinandi: Starfsfólk frá Félagsdeild Sameykis.

Langar þig til að skapa jákvæða og skapandi vinnustaðamenningu?

Þriðjudagur 5. október kl. 9 – 12, vefnám, fer fram í rauntíma í fjarkennsluforritinu ZOOM.

Á þessu stutta námskeiði verður rætt um nokkra lykilþætti árangursríkrar þjónandi leiðtoga stjórnnunar og skapandi vinnustaðamenningu. Þátttakendur fá tækifæri til að leggja fram spurningar og taka þátt í umræðum. Vinnumarkaðsrannsóknir benda til þess að þrátt fyrir aukna sjálfvirkni þá er enn brýnna að stjórnendur og starfsfólk hafi færni á sviði mannlegra þátta til að halda velli í samkeppnisumhverfi samtímans. Þeirra á meðal eru eiginleikar eins og samskipti, frumkvæði, nýsköpun, þekkingaröflun- og

miðlun, uppbyggilegt gagnrýnið hugarfar, samvinna og samningatækni. Sérstaklega er bent á að vinnustaðamenning þurfi að tryggja þætti sem stuðla að góðri heilsu, minnka líkur á kulnun og gæta þess að orka starfsfólks nýtist vel í skilgreind forgangsverkefni. Það á að vera tilhlökkun að mæta til vinnu þar sem við vitum að við getum gert betur í dag en í gær.

Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:

- Fá betri skilning og þekkingu til að skapa og viðhalda jákvæðum starfsanda.
- Öðlist verkfæri til að efla jákvæðni, samkennd og samvinnu,
- Skilji betur leiðarljósið: „Ég ætla að gera betur í dag en í gær.“
- Þekki grunnþætti að samkeppnishæfni til framtíðar.
- Þekki nokkra af áhættuþáttum kvíða og kulnunar á vinnustað.

Leiðbeinandi: Þorvaldur Ingi Jónsson, viðskiptafræðingur með meistaraþróf í stjórnun og stefnumótun og Qigong kennari

Gagnrýnin hugsun og siðferðileg álitamál

Miðvikudagur 13. október kl. 9 – 12, vefnám.

Fjallað verður um hvað felst í gagnrýnni hugsun, hvað er átt við með henni og hvernig beitum við henni. Dagleg samskipti geta reynst flókin og erfið. Jafnvel einföldustu ákvarðanir eiga það til að draga dilk á eftir sér. Fyrir því eru einkum þrjár ástæður. Í fyrsta lagi geta upplýsingar sem við byggjum á verið rangar eða misvísandi. Við ígrundum ekki nægilega hvort mögulega sé verið að hafa áhrif á okkur. Í öðru lagi eigum við það til að blekkja okkur sjálf um að það sem við vonumst eftir sé satt. Við gerum okkur ekki grein fyrir sálrænum annmörkum á skoðanamyndun. Og að lokum gleymum við gjarnan að hugleiða mögulegar afleiðingar ákvarðana okkar. Við einbeitum okkur of mikið af því sem er fyrir framan okkur hér og nú.

Gagnrýnin hugsun snýst um að skoða mál frá öllum hliðum. Efling hennar snýst um að temja sér ákveðna nálgun við skoðanamyndun og ákvarðanatöku og forðast þekktar gildrur hugsunarinnar. Í námskeiðinu verður rætt um ólíka þætti ákvarðanaferlisins og hvernig ákvarðanir geta verið teknar á gagnrýnan máta. Athyglinni verður einkum beint að því hvernig við getum varast að hrapa að ályktunum í einstökum málum með því að gera okkur grein fyrir hvaða spurninga við eigum að spyrja okkur í hverju tilviki fyrir sig.

Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:

- Átti sig á hvað felst í gagnrýnni hugsun.
- Geti skoðað mál frá öllum hliðum.
- Geti tekið ákvarðanir á gagnrýnninn máta.

Leiðbeinandi: Henry Alexander Henrysson.

Öryggi í hlutverki trúnaðarmannsins

Fimmtudagur 21. október kl. 13 – 16, staðnám, Grettisgötu 89, 1. hæð.

Fjallað verður um mismunandi hlutverk trúnaðarmannsins, það að taka að sér nýtt hlutverk og mótun sjálfsmyndar í nýju hlutverki. Einnig er fjallað um hópa, sérstaklega starfshópa, siði og venjur í hópum og farið inn á samskipti og viðhorf. Einnig eru sett markmið um eigin þróun í hlutverki trúnaðarmanns.

Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:

- Hafi verkfæri til að kljást við nýtt, spennandi og krefjandi hlutverk.
- Meti styrk sinn og veikleika í þessu nýja hlutverki.
- Fáí sem skýrasta mynd af því hvað felst í verkefninu að vera trúnaðarmaður.

Leiðbeinandi: Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur hjá Líf og sál ehf.

Tími með sérfræðingum á kjaradeild Sameykis

Miðvikudagur 27. október kl. 14 – 16, staðnám, Grettisgötu 89, 1. hæð.

Hefur þú áhuga á kjara- og réttindamálum og langar í svör við álitaeftum? Skráðu þig þá á þetta námskeið því hér er hugmyndin að trúnaðarmenn sendi inn fyrir fram spurningar og umræðuefni sem tengjast raunverulegum álitaeftum sem upp koma á vinnustöðum. Á námskeiðinu verður síðan unnið með þær fyrirspurnir sem berast frá trúnaðarmönnum og unnið að lausnum. Sömu leiðis er hér tækifæri fyrir trúnaðarmenn að koma á framfæri við sérfræðinga Sameykis helstu atriðum sem þeir telja að skipti máli í kjara- og réttindabaráttu félagsmanna.

Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:

- Sé vel upplýstur um helstu þætti kjara- og réttindamála samkvæmt kjarasamningum.
- Eigi auðvelt með að taka þátt í og leiða sambærilega umræðu með samstarfsfólki á sínu vinnustað.

Leiðbeinandi: Guðmundur Freyr Sveinsson, deildarstjóri kjaradeildar Sameykis.

Krefjandi samskipti/aðstæður - vinnustofa

Fimmtudagur 11. nóvember kl. 9:15 – 12:15, staðnám, Grettisgötu 89, 1. hæð.

Áhersla er lögð á að þátttakendur tileinki sér nytsamlegar leiðir til að takast á við krefjandi samskipti. Unnið er með greiningu á því hvernig framkoma reynist þátttakendum erfiðust og hvers vegna, hvernig þátttakendum er tamt að bregðast við ágengri framkomu og til hvaða árangurs það leiðir.

Lögð er áhersla á:

- Styrkleika þátttakenda í ólíkum aðstæðum og leiðir til að temja sér ný viðbrögð og yfirfæra styrkleika frá einum aðstæðum yfir í aðrar – vertu sterki aðilinn!
- Mikilvægi þess að leiða hugann að ástæðum fyrir vandanum t.d. með sjálfsþekkingu og að setja sig í spor einstaklingsins – hvað býr að baki?
- Ýmsar leiðir til að halda jafnvægi og vera lausnarmiðaður í erfiðum aðstæðum – auktu færni þína, sjálfsaga, sjálfsöryggi og vertu sá sem er flinkur í að tala við alla og taka á málum!
- Hvernig má á kurteislegan hátt standa fast á sínu, leiða samtalið á yfirvegaðri braut, setja mörk en sýna um leið skilning – sjálfsstyrkur og rósemi!
- Leiðir til að vernda sjálfan sig gegn ágengum einstaklingum og taka ekki ásakanir persónulega – taktu þetta ekki inn á þig!
- Viðhorf, líta á krefjandi einstaklinga sem áskorun til að þroska eigin samskiptafærni og persónustyrk – reynslubankinn: Þú ert alltaf að læra og styrkjast!

Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:

- Fá innsýn í hegðun sem einkennir krefjandi samskipti
- Öðlist meira öryggi til að bregðast rétt við í ágengri framkomu

Leiðbeinandi: Sigríður Hulda Jónsdóttir hjá SHJ ráðgjöf.

Launamyndunarkerfi – starfsmat / stofnanasamningar

Þriðjudagur 30. nóvember kl. 10 – 12, staðnám, Grettisgötu 89, 1. hæð.

Trúnaðarmenn þurfa oft á tíðum að geta svarað samstarfsmönnum um launasetningu og þá er gott að hafa innsýn í hugmyndafræðina á bak við kerfið, þ.e. hvernig kerfið byggir á grunnlaunasetningu auk persónubundinna þátta eins og t.d. starfsaldurs og viðbótarmenntunar og hvernig niðurstöðurnar birtast á launaseðlum..

Markmiðið með námskeiðinu er að trúnaðarmaður:

- Þekki til helstu launamyndunarkerfa ríkisstofnana og sveitarfélaga.
- Geti lesið sig í gegnum launamyndun einstaklinga.

Leiðbeinendur: Guðmundur Freyr Sveinsson deildarstjóri kjaradeildar og Stefanía Jóna Nielsen sérfræðingur á kjaradeild.

Trúnaðarmannanám Félagsmálaskóla alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu (FA) er rekinn af BSRB og ASÍ en meginmarkmið skólans er að auka þekkingu talsmanna stéttarfélaga og efla þá í starfi til að gera þá enn betur í stakk búna til að vinna að bættum lífskjörum launafólks.

Unnið er eftir námsskrá sem viðurkennd hefur verið af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Trúnaðarmannanámið skiptist upp í sex hluta, kennt er tvo daga í senn, en samtals er námið 96 kennslustundir. Ekki er skilyrði að taka námið í ákveðinni röð, heldur eins og hentar best skipulagi hvers trúnaðarmanns.

- Í *fyrsta* hluta er fjallað um þjóðfélagið, vinnumarkaðinn og trúnaðarmanninn - starf hans og stöðu.
- Í *öðrum* hluta er námsefnið tileinkað samskiptum á vinnustað, starfsemi félagsins, túlkun kjarasamning og sjóðum.
- *Þriðji* hluti fjallar um lestur launaseðla og launaútreikninga almannatryggingar og lífeyrissjóði.
- *Fjórdi* hluti fjallar um vinnurétt, túlkun talna og hagfræði.
- Í *fimmta* hluta er farið yfir námsefni um vinnueftirlit og vinnuvernd og sjálfstyrkingu.
- *Sjötti* hluti er helgaður samningatækni og því að koma máli sínu á framfæri og farið yfir fundarsköp.

Skráning fer fram á vef Félagsmálaskólans. Athugið að við skráningu er óskað eftir kennitölu greiðanda (Sameyki) sem er 620269-3449. [Hér er myndband með leiðbeiningum fyrir skráningu](#) í nýju námsumhverfi Félagsmálaskólans sem heitir Learncove.

(https://www.youtube.com/watch?v=TDqnFBs6am0&ab_channel=beggagud100)

Munið að nauðsynlegt er fyrir nemendur að hafa meðferðis fartölvu, ipad eða símann sinn á námskeiðin, þar sem námsefni verður meira eða minna rafrænt.

Á haustönn verður boðið upp á alla hlutana:

- 15.09 og 24.09 , **1. hluti** - Þjóðfélag og vinnumarkaður/Trúnaðarmaður starf og staða
- 11.10 og 12.10, **2. hluti** - Samskipti á vinnustað/Starfsemi félagsins
- 01.11 og 02.11, **3. hluti** - Lestur launaseðla/Almannatryggingar og lífeyrissjóður.
- 15.11 og 16.11, **4. hluti** - Túlkun talna og hagfræði/Vinnuréttur
- 22.11 og 29.11, **1. hluti** - Þjóðfélagið og vinnumarkaður/Trúnaðarm. starf og staða
- 24.11 og 25.11, **5. hluti** - Vinnueftirlit-vinnuvernd/Sjálfstyrking
- 06.12 og 07.12, **6. hluti** - Samningatækni/Að koma máli sínu á framfæri

Trúnaðarmannanám 1. hluti

Þjóðfélagið og vinnumarkaður - Trúnaðarmaður starf hans og staða

Miðvikudagur 15. september kl. 9 – 14:30, vefnám.

- Fjallað er um lýðræði, mismundandi lýðræði, lýðræðislegan rétt fólks.
- Notum við okkar lýðræðislega rétt?
- Hvert er hlutverk stéttarféлага, sambanda og heildarsamtaka á vinnumarkaði
- Hvernig starfa stéttarfélögin, stjórnir þeirra og hvert er hlutverk félagsmanna.
- Starfa stéttarfélög á lýðræðislegum grundvelli?

Leiðbeinandi: Sigurlaug Gröndal frá Félagsmálaskóla alþýðu.

Föstudagur 24. september kl. 9 – 15:45, staðnám Grettisgötu 89, 1. hæð.

- Hvert er hlutverk trúnaðarmanns á vinnustað, hvað á hann að gera og hvað á hann ekki að gera?
- Hvert er hlutverk trúnaðarmanna samkvæmt lögum og kjarasamningum
- Hvar getur trúnaðarmaður aflað sér upplýsinga um túlkanir kjarasamninga og önnur mál sem koma inn á hans borð.
- Hvernig eiga trúnaðarmenn að taka á móti umkvörtunum og vinna úr þeim.

Leiðbeinandi: Guðrún Edda Baldursdóttir frá Félagsmálaskóla alþýðu.

Trúnaðarmannanám 2. hluti

Samskipti á vinnustað - Starfsemi félagsins, kjarasamningar og sjóðir

Mán. 11. október og þri. 12. október kl. 9 - 15:45, staðnám, Grettisgötu 89, 1. hæð.

- Lögð er megináhersla á mikilvægi góðra samskipta á vinnustað, hvernig megi stuðla að góðum samskiptum.
- Skoðuð er mismunandi framkoma, áhrif hennar á okkur og aðra.
- Nemendur kynnst afleiðingum langvarandi slæmra samskipta, eineltis á vinnustað, hvernig bregðast eigi við og ábyrgð gerenda og atvinnurekenda.
- Nemendur kynnst starfsemi stéttarfélagsins, réttindum félagsmanna.
- Nemendur læra á innihald og uppbyggingu kjarasamninga og helstu túlkun á þeim.
- Nemendur kynnst sjóðum félagsins og réttindum félagsmanna í þeim.

Leiðbeinendur: Guðrún Edda Baldursdóttir frá Félagsmálaskóla alþýðu er 11. okt. og 12. okt. koma leiðbeinendur frá Sameyki; Jakobína Þórðardóttir, Guðmundur Freyr Sveinsson og Stefanía Jóna Nielsen.

Trúnaðarmannanám 3. hluti - BSRB

Lestur launaseðla og launaútreikningar – Almannatryggingar og lífeyrissjóðir

Mán. 1. nóvember og þri. 2. nóvember kl. 9 - 14:30, vefnám.

- Nemendur læra reiknitölur helstu launaliða
- Nemendur kynnst grunnuppbyggingu launaseðla, launaútreikninga og skatta.
- Nemendur kynnst tryggingum sem við höfum í gegnum kjarasamninga, almannatryggingakerfið, sér tryggingar.
- Nemendur kynnst íslenskum vinnurétti, þeim lögum sem styrkja kjarasamninga vinnumarkaðarins.

Leiðbeinendur: Sigurlaug Gröndal frá Félagsmálaskóla alþýðu.

Trúnaðarmannanám 4. hluti - BSRB

Túlkun talna, hagfræði – Vinnuréttur

Mán. 15. nóvember og þri. 16. nóvember kl. 9 - 14:30, vefnám.

- Megináhersla er lögð á helstu hagfræðihugtök í daglegu lífi og í kjarasamninga-gerð, s.s. kaupmátt launa, mun á hlutfallslegri hækkun eða krónutöluhækkun.
- Nemendur kynnst hvað þarf að hafa í huga við gerð samninga.
- Megináhersla er lögð á lög um vinnurétt og hvernig þau styðja kjarasamninga og hvernig íslenskur vinnumarkaður er upp byggður.
- Lögð er áhersla á rétt launamanna t.d. til fæðingarorlofs, atvinnuleysistrygginga og ýmis þau réttindi í lögum og reglugerðum sem íslenskur vinnumarkaður byggir á.

Leiðbeinendur: Sigríður I. Ingadóttir hagfræðingur BSRB og Hrannar M. Gunnarsson lögfræðingur BSRB.

Trúnaðarmannanám 1. hluti

Þjóðfélagið og vinnumarkaður - Trúnaðarmaður starf hans og staða

Mánudagur 22. nóvember kl. 9 – 14:30, vefnám.

- Fjallað er um lýðræði, mismundandi lýðræði, lýðræðislegan rétt fólks.
- Notum við okkar lýðræðislega rétt?
- Hvert er hlutverk stéttarfélaga, sambanda og heildarsamtaka á vinnumarkaði
- Hvernig starfa stéttarfélögin, stjórnir þeirra og hvert er hlutverk félagsmanna.
- Starfa stéttarfélög á lýðræðislegum grundvelli?

Mánudagur 29. nóvember kl. 9 – 15:45, staðnám Grettisgötu 89, 1. hæð.

- Hvert er hlutverk trúnaðarmanns á vinnustað, hvað á hann að gera og hvað á hann ekki að gera?
- Hvert er hlutverk trúnaðarmanna samkvæmt lögum og kjarasamningum

- Hvar getur trúnaðarmaður aflað sér upplýsinga um túlkanir kjarasamninga og önnur mál sem koma inn á hans borð.
- Hvernig eiga trúnaðarmenn að taka á móti umkvörtunum og vinna úr þeim.

Leiðbeinandi: Guðrún Edda Baldursdóttir frá Félagsmálaskóla alþýðu.

Trúnaðarmannanám 5. hluti - BSRB

Sjálfstyrking – Vinnueftirlit og vinnuvernd

Mið. 24. nóvember og fim. 25. nóvember kl. 9 - 14:30, vefnám.

- Kynninga á Virk-starfsendurhæfingarsjóðnum og starfi ráðgjafa hans.
- Kynning á Vinnueftirlitinu, skyldum atvinnurekenda í vinnuvernd og trúnaðarmanna.
- Farið er í hvernig sjálfstraust einstaklinga hefur áhrif á samskipti.
- Nemendur kynnst áhrifum skorts á sjálfstraust og ýmsar birtingamyndir þess.
- Nemendur kynnst leiðum til að efla sjálfstraustið og hvaða aðstæður geta haft áhrif á minnkandi sjálfstraust.

Leiðbeinendur: Sigurlaug Gröndal frá Félagsmálaskóla alþýðu.

Trúnaðarmannanám 6. hluti - BSRB

Samningatækni – Að koma máli sínu á framfæri

Mán. 6. desember og þri. 7. desember kl. 9 - 15:45, staðnám, Grettisgötu 89, 1. hæð.

- Kynninga á Virk-starfsendurhæfingarsjóðnum og starfi ráðgjafa hans.
- Kynning á Vinnueftirlitinu, skyldum atvinnurekenda í vinnuvernd og trúnaðarmanna.
- Farið er í hvernig sjálfstraust einstaklinga hefur áhrif á samskipti.
- Nemendur kynnst áhrifum skorts á sjálfstraust og ýmsar birtingamyndir þess.
- Nemendur kynnst leiðum til að efla sjálfstraustið og hvaða aðstæður geta haft áhrif á minnkandi sjálfstraust.

Leiðbeinendur: Bergþóra Guðjónsdóttir og Sigurlaug Gröndal frá Félagsmálaskóla alþýðu.

Handbók trúnaðarmanna

Á vef Félagsmálaskóla alþýðu er að finna handbók trúnaðarmanna þar sem fjallað er um trúnaðarmanninn - starf og stöðu, stéttarfélagið - gögn og erindi, réttindi launafólks, vinnuvernd, samskipti á vinnustað, hagfræði og launafólk, tryggingar og BSRB. Hluti þessara upplýsinga hefur verið þýddur á ensku. Handbókin fæst einnig í harðspjaldamöppu á skrifstofu Sameykis. Uppfærslur í kjölfar breytinga á lögum og reglum eru jafnóðum færðar inn á vef Félagsmálaskólans. Hér má nálgast handbókina: <https://www.felagsmalaskoli.is/trunadarmenn/handbok-trunadarmannsins-forsida/>

Sameyki stéttarfélag í almannatjónustu, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík, s. 525-8330

sameyki@sameyki.is, www.sameyki.is, www.facebook.com/sameyki/, www.instagram.com/sameyki/